



Alþingi
Erindi nr. P 135/297
komudagur 12.11.2007

Reykjavík, 12. nóvember 2007.

Fjárlaganefnd
Gunnar Svavarsson, formaður

Vísað er til bréfs fjárlaganefndar frá 10. okt. sl. til allsherjarnefndar. Meðfylgjandi er álit nefndarinnar á þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði hennar.

Virðingarfyllst,

Selma Hafliðadóttir, nefndarritari

ALLSHERJARNEFND

135. löggjafarþing 2007–2008.

Þskj. 0 — 0. mál.

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þá hluta frumvarps til fjárlaga sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga, nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis og bréf fjárlaganefndar frá 10. október 2007.

Á fund nefndarinnar komu Halldór Árnason og Óðinn Helgi Jónsson frá forsætisráðuneyti og Jón Magnússon og Ragna Árnadóttir frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2008 eru áætluð 1.350 millj. kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 40 millj. kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 819 millj. kr. og hækka um 79 millj. kr. frá fjárlögum ársins 2007.

Heildargjöld dómsmálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð 25.443 millj. kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.011 millj. kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 17.029 millj. kr. og hækka um 1.064 millj. kr. frá fjárlögum ársins 2007.

Meiri hlutinn fagnar auknum fjárveitingum til löggæslu og öryggismála. Heildarfjárveiting til málaflokksins hækkar um 1.788 millj. kr. og skýrist hækkunin að mestu af 1.500 millj. kr. hækkunar framlaga í Landhelgisgjöld vegna kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Er það í samræmi við þá stefnumörkun að Íslendingar taki við fleiri og fjölbreyttari verkefnum á þessu sviði í ljósi breyttra aðstæðna í öryggis- og varnarmálum. Einnig má nefna að í frumvarpinu er lagt til að fjárveiting til embættis ríkislögreglustjóra hækki um 93,6 millj. kr. að raungildi. Þar af er um tvær millifærslur fjárheimilda af öðrum liðum að ræða. Er annars vegar flutt 51,9 mill. kr. fjárheimild frá lögreglustjóranum á Suðurneskjum vegna sérsveitarmanna í samræmi við þá skipan að uppbygging og stjórn sérsveitarinnar sé alfarið hjá ríkislögreglustjóra. Hins vegar er lögð til millifærsla af saflið samgönguráðuneytis, 10-190-1.19 Útgáfa ökuskrteina að fjárhæð 15,9 millj. kr. Af öðrum framlögum má nefna 12 millj. kr. tímabundið framlag í tvö ár vegna kostnaðar við starf tengslafulltrúa embættis ríkislögreglustjóra hjá Europol og 7 millj. kr. framlag í 5 ár til tilraunaverkefnis um áfallahjálpar fyrir lögreglumenn. Þá er lögð til 10 millj. kr. hækkun fjárheimildar vegna fíkniefnaleitarhunda.

Þá er lagt til að fjárheimild Útlendingastofnunar hækki um tæpar 40 millj. kr. Það er tvennt sem skýrir þessa hækkun, annars vegar er lagt til hækkað framlag vegna samnings við Reykjanesbæ um umönnun og vistun hælisleitenda og hins vegar er gerð tillaga um hækkun á rekstrarramma stofnunarinnar. Umfang verkefna Útlendingastofnunar hefur aukist mjög á undanförunum árum og má nefna að fjöldi umsókna um dvalarleyfi hefur aukist úr 5.266 árið 2003 í 16.796 árið 2006. Í þessu samhengi má jafnframt nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 2 millj. kr. fjárveitingu til stöðuprófa í íslensku í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgarétt.

Síðastliðinn tvö ár hefur allsherjarnefnd lagt áherslu á fjárveitingar til fangelsismála. Í fjárlagafrumvarpinu er nú lögð til 51,1 millj. kr. hækkun framlaga til Fangelsismálastofnunar, að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem nema alls um 100 millj. kr. Hér er meðal annars um að ræða hækkun á rekstrarframlagi vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um breytingar og stækkun fangelsis á Kvíabryggju. Fangelsið var formlega tekið í notkun 3. október 2007 eftir breytingar og lýkur þar með fyrsta áfanga áætlunar dómsmálaráðuneytis og Fangelsismálastofnunar um endurnýjun og nýbyggingar fangelsa í landinu. Í framhaldinu þarf að fjölga fangavörðum á Kvíabryggju um þrjá og annar kostnaður hækkar einnig. Þrennt má nefna til viðbótar sem rúmast innan þessar hækkunar til Fangelsismálastofnunar. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um hækkun framlags vegna breytinga og stækkunar fangelsisins á Akureyri, samtals 12,6 millj. kr. Í öðru lagi 12 millj. kr. hækkun vegna kostnaðar við breytta starfsmannasamsetningu og í þriðja lagi eru ætlaðar 9,2, millj. kr. til að standa undir kostnaði við endurskoðun samningsins við félagasamtökin Vernd.

Í frumvarpinu er lagt til að framlög til fangelsisbygginga lækki um 170,5 millj. kr. Munar þar mestu um niðurfellingu á 159,6 millj. kr. fjárheimild vegna byggingar fangelsis og lögreglustöðvar á Akureyri og 23,5 millj. kr. tímabundið framlag vegna stækkunar fangelsis á Kvíabryggju. Í frumvarpinu kemur fram að enn sé unnið að undirbúningi framkvæmda við Litla Hraun og hefur verið til skoðunar að fjármagna fyrstu framkvæmdir þar með sölu lands sbr. heimildarákvæði í 6. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur áherslu á að áfram verði haldið frekari uppbyggingu á sviði fangelsismála svo sem með frekari endurbótum á Litla-Hrauni og uppbyggingu nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu.

Athygli allsherjarnefndar hefur verið vakin á því að svigrúm Umboðsmanns Alþingis til að taka mál til athugunar að eigin frumkvæði er mjög lítið og telur meiri hlutinn að eðlilegt sé að það svigrúm verði aukið með það að markmiði að efla þennan þátt í starfsemi embættisins.

Alþingi, 14. nóv. 2007.

Birgir Ármannsson,
form., frsm.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Ellert B. Schram.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Karl V. Matthíasson.